

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/2613

2024/EES/85/07

frá 23. nóvember 2023

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar umbreytingarráðstafanir varðandi útflutning á kjöt- og beinamjöli sem eldsneyti til brennslu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til mannelis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 ⁽¹⁾, einkum fyrstu undirgrein 3. mgr. 43. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ⁽²⁾ er mælt fyrir um reglur um heilbrigði dýra og manna er varða setningu aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða á markað og útflutning þeirra.
- 2) Í 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 er mælt fyrir um að farga ætti kjöt- og beinamjöli í 1. flokki með brennslu, sambrennslu, bruna eða urðun til að koma í veg fyrir að það komi aftur inn í fæðuferlið og mengi það.
- 3) Árið 2021 tilgreindu lögbær yfirvöld Írlands að stöðvar til brennslu á kjöt- og beinamjöli væru í byggingu og fóru þess á leit að á umbreytingartímabili yrði hefðbundið viðskiptaflæði með kjöt- og beinamjöli úr efni í 1. flokki, sem ætlunin er að farga í Breska konungsríkinu, heimilað. Framkvæmdastjórnin veitti undanþáguna sem óskað var eftir til 31. desember 2023 með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/899 ⁽³⁾.
- 4) Í apríl 2023 upplýstu lögbær yfirvöld Írlands framkvæmdastjórnina um að þó nokkrar tafir hefðu orðið á fyrirhugaðri áætlun og báðu framkvæmdastjórnina um framlengingu á umbreytingartímabilinu frá 1. janúar 2024 til 30. júní 2025. Framkvæmdastjórnin styður áttak Írlands til að koma á fót sinni eigin brennslugetu fyrir förgun aukaafurða úr dýrum. Því ætti að framlengja umbreytingartímabilið um 18 mánuði frá og með 1. janúar 2024. Nota ætti þetta tímabil eins og við á til ljúka yfirstandandi verkefnum til uppbyggingar á getu brennsluvera á Írlandi.
- 5) Því ætti að breyta XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fæður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

l. gr.

Ákvæðum XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2023/2613, 24.11.2023. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 151/2024 frá 5. júlí 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 76, 17.10.2024, bls. 3.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til mannelis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðisefirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (Stjtið. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1).

⁽³⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/899 frá 3. júní 2021 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. nóvember 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Í stað a-liðar í þriðja dálki þriðju línu í V. kafla XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 142/2011 kemur eftirfarandi:

- „a) lögbært yfirvald Írlands hefur heimilað útflutninginn til brennsluversins í Breska konungsríkinu eigi síðar en 30. júní 2025 að því tilskildu að slíkur tilflutningur á kjöt- og beinamjöli úr efni í 1. flokki, sem er ætlað til förgunar, hafi átt sér stað frá viðkomandi aðildarríki fyrir 1. janúar 2021 við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 6., 7. og 8. mgr. 6. gr.“
-